

## Andrew O'Keefe féll í valinn með hvítan borða á bringunni

Karlkyns kvenfrelsarar falla nú sem flugur. Noður-ameríski félagsfræðingurinn, Michael Scott Kimmel (f. 1951), sem rekur rannsóknarstofu í karlafræðum fyrir Glóríu Steinem og vinkonur hennar, var ásakaður um kynferðislega áreitni af nemanda sínum. Ástralski lögfræðingurinn og sjónvarpsstjarnan, Andrew O'Keefe (f. 1971) er nú einnig fallinn í valinn, ákærður fyrir ofbeldi gegn kærustu sinni. Hann hefur m.a. látið hafa eftir sér:

“Hví skyldi hver sem er vera sviptur heilsu sinni, mannhelgi, sjálfsvirðingu, börnum sínum eða lífi, vegna þess kyns, sem þeim var gefið í happdrætti.”

“Mig hryllir við þeirri tilhugsun, að stúlkan mín verði fyrir árás eða smánuð af karli, sem hún unnir hugástum – eða einhverjum öðrum. ... Læt ég börn mín verða vitni að því, að karl þurfi stöðugt að vera í krapinu og hafa undirtökin við sérhverjar aðstæður”???

En líklega á það einmitt við um hann sjálfan, sbr. framkomu hans gagnvart hinni norður-amerísku Cassie Jay, sem leikstýrði heimildamyndinni, “Rauðu pillunni” (The Red Pill). (Mæli eindregið með henni.) Eftir þá kvikmyndagerð varð hún afhuga kvenfrelsun. Það vilja kvenfrelsarnir ekki fyrirgefa. Ég skrifaði stutta hugvekju um þennan óvenjulega leikstjóra á sínum tíma, “Hugprúðasta hlínin í Hollívúdd.” (Hún er aðgengileg lysthafendum á: [arnarsverrisson.is](http://arnarsverrisson.is))

Enn vandræðalegrí er sú staðreynd, að Andrew var einn af oddamönnum hreyfingarinnar, “Hvíta borðans.” Hreyfingin kviknaði eftir hörmulegan atburð í Kanada, þegar ungur, andlega bágstaddur karlnemandi við tækniskóla, myrta árið 1989 fjórtán kvennemendur í mótmælsskyni við yfirgang kvenfrelsara, að eigin sögn. Þessi hryllilegi atburður var túlkaður kynbundið, þ.e. enn eitt dæmi um kúgun kvenna og hið fólkska feðraveldi. Af þessu tilefni tóku nokkrir kanadískir karlmenn höndum saman og stofnuðu Hvíta borðann. Hreyfingin er nú virk í um sextíu ríkjum. Tilgangur hennar er vitaskuld að stemma stigu við ofbeldi karla og drengja gegn konum, t.d. með fræðslu fyrir skólabörn. Hreyfingin í Ástralíu safnaði miklum fjármunum, sem ekki er ljóst, hvernig með var farið. Allavega átti Andrew þátt í því að stefna henni í þrot.

Andrew neitar sakaráburði kærustunnar, en afsakar ósiðlegar uppákomur – sem hann einnig er kunnur fyrir – með andlegri vanheilsu og neyslu fíkniefna. Hann fetar hér í fótspor norður-ameríska rithöfundarins og kennarans í kvenfrelsunarfræðum (gender studies) Hugo Benedict Schwyzer (f. 1967), sem gerði játningar í þá veru, að hann væri flagari, sem misnotaði aðstöðu sína til “kvennaveiða” og væri óhæfur sem kynjafræðikennari, notaði huliðsskikkju kvenfrelsarans til að koma sér í mjúkinn hjá konum. Það verður spennandi að sjá, hvort slík játning komi líka frá Andrew, þ.e. að tilhvötin að þátttöku í fyrrgreindri hreyfingu sé eiginlega þörfin fyrir bólfarir.

Ég mæli með yfirveguðu erindi hinnar snjöllu Janice Fiamengo um málið.

<https://www.youtube.com/watch?v=jq9Ws5O5dk>